

FUNDARGERÐ

112. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 23. september 2008 kl. 14⁰⁰–15³⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinsson (GGÞ), formaður
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)
Ögmundur Einarsson (ÖE)
Már Karlsson (MK), fundarritari.
Guðlaugur Sverrisson (GSv) undir lið 3.

Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG)
Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.

Fjarverandi: Bryndís Skúladóttir (BS)

1. Fundargerð.

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (111. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum.

Lögð fram tvö bréf umhverfissráðuneytisins, dags. 10. þ.m., sem ekki höfðu borist fyrir fundinn. Um lausn Sigurðar Jónssonar frá störfum í stjórn Úrvinnslusjóðs þann dag og bréf um skipan Sigurðar Arnar Guðleifssonar í stjórnina frá sama degi en þessi fundur var sá fyrsti, sem SÖG sat.

2. Endurvinnsluvika

Endurvinnsluvikan var sett af umhverfissráðherra, s.l. föstudag í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Síðar verður lögð fram skýrsla um árangur vikunnar ásamt tillögum um frekari þróun verkefnisins.

3. Ársfundur

Ársfundur Úrvinnslusjóðs verður haldinn á Hotel Hilton n.k. þriðjud. kl. 14. Að vanda mun ráðuneytisstjóri, Magnús Jóhannesson, stýra fundi þar sem ársskýrsla verður lögð fram og greint verður frá viðfangsefnum og afkomu á árinu 2007.

4. Árangursstjórnunarsamningur

Eins og kom fram á síðasta fundi stjórnar hefur ráðuneytið áhuga á að ljúka gerð árangursstjórnunarsamnings núna. Auk þess sem kemur fram í drögum, sem lágu frammi á fundinum og komið höfðu frá ráðuneytinu —lítillga breytt frá tillögu Úrvinnslusjóðs haustið 2006—, lagði ÓK til viðbót er varðar áherslur ráðuneytisins.

Sjón Úrvinnslusjóðs er samþykkt undirritun árangurstjórnunarsamningsdraganna með því að við fimmta kafla um skyldur og ábyrgð bætist: Á samráðsfundum ráðuneytis og Úrvinnslusjóðs skal umhverfissráðuneytið árlega gera grein fyrir áherslum eða stefnu ráðuneytisins í úrgangs- og endurvinnslumálum, markmiðum, breytingum á lögum og reglugerðum og öðru er getur haft áhrif á starfsemi sjóðsins.

5. Stýrinefnd raftækjaúrgangs

ÓK fór á fund stýrinefndarinnar fyrir nokkru. Í framhaldi af fundinum óskaði nefndin með bréfi dags. 11. þ.m. eftir tilboði sjóðsins í verkefni sem talin eru upp í a-d liðum í 19. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. Með tölvupósti dags. 18. þ.m. bauðst Úrvinnslusjóður til að vinna samkvæmt tímagjaldi að nánari útfærslu verkefnanna og bjóða síðan í framkvæmdina. Í svari stýrinefndar við tilboðinu þann 22. þ.m kemur fram að nefndin vill einnig kanna aðra möguleika við úthýsingu verkefnanna.

Næsti leikur er hjá stýrinefndinni.

6. Önnur mál

Engin.

Næsti fundur áformaður [þriðjudaginn 7. okt. kl. 14:00](#) á skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs